

Hringleikur – sirkuslistafélag  
Eyrún Ævarsdóttir  
Espigerði 10  
108Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2021  
UST202106-194/G.G.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi fyrir starfsemi - sirkuslistasýning - Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hringleiks - sirkuslistafélags, dagsett 15.6.2021, um sirkuslistasýninguna *Allra veðra von* innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Samkvæmt reglugerð um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul eru allar athafnir og framkvæmdir háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 14. gr. reglugerðarinnar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Sirkuslistasýningin notast við sirkusbúnað, 7 m háan loftfímleikastand og 5 m háa súlu, sen búnaðurinn skilur lítil sem engin ummerki eftir sig. Tryggt verður að ekkert rusl eða aðrir aðskotahlutir verði eftir að sýningu lokinni. Notast er við hljóð og tónlist úr hátalarakerfi sem hópurinn hefur meðferðis en ekki er þörf fyrir rafmagn á sýningarstað.

Gert er ráð fyrir að undirbúningur, sýning og frágangur taki um 5 klukkustundir og fari fram sunnudaginn 11. júlí nk. kl. 16:00.

Óljóst er hve margir gestir muni sækja viðburðinn en hægt er að takmarka fjöldann ef þörf krefur.

#### ***Áhrifamat:***

Framkvæmdin hefur lítil áhrif á verndargildi svæðisins, enda á þjónustusvæði innan Þjóðgarðsins sem getur tekið við fjölda gesta á sama tíma. Ekki er talið að skaði fylgi framkvæmdinni og áhrif á gesti verði óveruleg. Fremur má reikna með að gestir sem koma á Malarrif meðan sýning stendur yfir muni staldra við og fylgjast með.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Hringleiki - sirkuslistafélagi fyrir sitt leyti leyfi fyrir sirkuslistasýningunni *Allra veðra von* á Malarrifi innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan þann 11. júlí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en sýningin hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd hennar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja sýninguna verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður

Guðbjörg Gunnarsdóttir  
sérfræðingur